

Alþingi
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. nóvember 2018
Tilvísun: 2018100064

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna afnáms ákvæða um uppreist æru, 222. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs nefndarsviðs Alþingis, dags. 25. október 2018, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna afnáms ákvæða um uppreist æru, 222. mál.

Í ákvæðum 23., 26., 30., 31., 33., 34., 35. og 39. í framangreindu frumvarpi eru lagðar til breytingar á hæfisskilyrðum framkvæmdastjóra og stjórnarmanna ýmissa aðila sem heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins, aðalumboðsmanns útibús váttryggingafélaga frá þriðja ríki og stjórnarmanna Fjármálaeftirlitsins. Nánar tiltekið eru lagðar til breytingar á hæfisskilyrðum sem tilgreind eru í 1. mgr. 8. gr. a laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, b lið 1. mgr. 4. gr. innheimtulaga nr. 95/2008, 3. mgr. 4. gr. laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 2. mgr. 11. gr. laga nr. 110/2007 um kauphallir, 2. másl. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 1. mgr. 4. gr. laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa, 1. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 135. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið leggur til að í stað þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á hæfisskilyrðum umræddra laga verði breytingin á þá leið að hæfisskilyrðið „gott orðspor“ komi í stað hæfisskilyrðisins „óflekkaðs mannorðs“. Slík breyting væri í samræmi við nýlegar breytingar á hæfisskilyrðum framkvæmdastjóra og stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum, sbr. 52. gr. laga nr. 161/2002 og hæfisskilyrðum framkvæmdastjóra og stjórnarmanna í váttryggingafélögum, sbr. ákvæði 41. gr. laga nr. 100/2016. Þá væri slík breyting í samræmi við þau hæfisskilyrði sem kveðið er á um í tilskipunum Evrópusambandsins. Í því sambandi má geta þess að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hafa nýlega gefið út að nýju viðmiðunarreglur um hæfi en þar er að finna ítarleg viðmið um gott orðspor sem Fjármálaeftirlitið styðst við. Sjá nánar: <https://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/internal-governance/joint-esma-and-eba-guidelines-on-the-assessment-of-the-suitability-of-members-of-the-management-body>

Að því er varðar þá breytingu sem lögð er til í 33. gr. frumvarpsins um breytingu á 2. og 3. másl. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 87/1998, vill Fjármálaeftirlitið vekja athygli á því að þar er um að ræða tillögu að nokkurri breytingu á hæfisskilyrðum stjórnarmanna

Fjármálaeftirlitsins. Í stað gildandi ákvæðis, sem gerir ráð fyrir að sá sem hefur verið dæmdur fyrir ýmis tilgreind brot geti aldrei sest í stjórn stofnunarinnar, eru sett ákvæði um að líða þurfi ýmist 5 eða 10 ár frá dómi þar til dómfelldi geti tekið þar sæti.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur m.a. það hlutverk að taka mjög íþyngjandi ákvarðanir, sem jafnvel ganga nærri stjórnarskrárvörðum réttindum manna. Þá tekur stjórnin ákvarðanir um refsikennd viðurlög, einkum með álagningu stjórnvaldssekta og má í þeim tilvikum líkja stjórninni við dómara í refsimálum. Fjármálaeftirlitið vill því velta því upp hvort það gæti rýrt traust á slíkum ákvörðunum stjórnar ef þar sætu menn sem hafa hlotið refsidóm. Hér má hafa til hliðsjónar orðalag í 5. tölul. 2. mgr. 29. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016, þ.e. að menn hafi ekki sýnt af sér háttsemi sem geti rýrt það traust sem þeir sem taka slíkar ákvarðanir verði almennt að njóta.

Þá má velta því fyrir sér hvort tilefni er til svo mikilla breytinga á ákvæðinu með hliðsjón af því að gert er ráð fyrir að samþykkt verði ný heildarlög um það eftirlit sem Fjármálaeftirlitið fer með, í tengslum við sameiningu þess og Seðlabanka Íslands, á næstu misserum. Tilgangi frumvarpsins væri þannig náð með því að skipta út *óflekkad mannorð* fyrir *gott orðspor*, með svipuðum hætti og fjallað er um varðandi önnur ákvæði frumvarpsins fyrr í þessu erindi.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Unnur Gunnarsdóttir



Anna Mjöll Karlsdóttir